



Nokkrar athuganir um kosningarnar 1949

Bjarni Benediktsson – Stjórn­mál – Kosningar 1949 – Atkvæðahlutföll – Þingsætafjöldi – Sjálfstæðisflokkurinn – Framsóknarflokkurinn – sósíalístaflokkurinn – Alþýðuflokkurinn - 1949

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórn­málamaðurinn

Askja 2-11, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nokkrar athuganir um

kosningarnar 1949 o.fl.

Í kosningunni 1949 fengust þessi þingsæti:

Sjálfstæðisfl.	17	þingsæti
Framsóknarfl.	17	"
Sósíalistafl.	3	"
Alþýðufl.	4	"

Alls 41 þingsæti.

Langfæstir kjósendur stóðu á bak við þingsæti Framsóknar-
flokksins.

Atkvæðahlutföll flokkanna urðu 1949 þessi:

Sjálfstæðisfl.	39,5%
Framsóknarfl.	24,5%
Sósíalistafl.	19,5%
Alþýðufl.	16,5%

100,0%

Ef þingsætafjöldi Framsóknarflokksins er látinn haldast, og öðrum flokkum bætt upp þingsæti, til þess að fá sem næst út sama þingsætahlutfall, eins og atkvæðahlutfall, verða þingsætin þessi:

(Í sviga eru hin réttu hlutföll)

				<u>Frávik</u>
Sjálfstæðisfl.	27 þingsæti	39,7%	(39,5)	+ 0,2%
Framsóknarfl.	17	"	25,0%	(24,5) + 0,5 -
Sósíalistafl.	13	"	19,1%	(19,5) - 0,4 -
Alþýðufl.	11	"	16,2%	(16,5) - 0,3 -

68 þingsæti, 100,0%

Sem þýðir alls 27 þingsæta viðbót til þess að jafna metin.

Jöfnunin hefði eins getað orðið miður á við gagnvart Fram-

sóknarflokknum, og útkoman þá orðið þessi:

				<u>Frávik</u>
Sjálfstæðisfl.	21 þingsæti	39,6%	(39,5)	+ 0,1%
Framsóknarfl.	13	"	24,6%	(24,5) + 0,1 -
Sósíalistafl.	10	"	18,9%	(19,5) - 0,6 -
Alþýðufl.	9	"	16,9%	(16,5) + 0,4 -

53 þingsæti, 100,0%

Purfti þá aðeins 12 uppþótarþingsæti alls, til að fá rétt hlutfall milli þingsæta og atkvæða flokkanna.

Þetta berist síðan saman við hið raunverulega ástand:

Sjálfstæðisfl.	19	þingsæti,	vantar	2	sæti
Framsóknarfl.	17	"	of mörg	4	"
Sósíalistafl.	9	"	vantar	1	"
Alþýðufll.	7	"	"	2	"

Eftir tillögum Bjarna Benediktssonar hefði útkoman 1949

vel geta
~~sennilega~~ orðið þessi (52 einmenniskjörðæmi; Reykjavík 16, Hafnarfjörður 2, Gullbr. 2, Akureyri 2, öll tekin með tvöfaldri fulltrúa-tölu frá 1949 hjá öllum flokkum):

Sjálfstæðisfl.	19	þingsæti
Framsóknarfl.	23	"
Sósíalistafl.	5	"
Alþýðufll.	5	"

52 þingsæti.

Sést á þessu, hve afskaplega rangláta þingsætaskipun einmenniskjörðæmafyrirkomulagið getur gefið (og er líklegt að gefi).

Sjálfstæðisfl. fengi þessi kjörðæmi, samkv. 1949:

Rvík 8, Gullbr. 2, Borgarfj. 1, Snæfellsn. 1, Barðastr. 1, N-Ísafj. 1, A-Húnav. 1, Akureyri 2, Seyðisfj. 1, Vestm. 1, alls 19.

Framsóknarfl. fengi þessi kjörðæmi:

Rvík 2, Skagafj. 2, Eyjafj. 2, N-Múlas. 2, Suður-Múl. 2, Rangárv. 2, Árness. 2, Mýras. 1, Dalas. 1, Vestur-Ísafj. 1, Strandas. 1, V-Húnav. 1, S-Þing. 1, N-Þing. 1, A-Skaft. 1, Vestur-Skaft. 1, alls 23 sæti.

Sósíalistafl. fengi þessi kjörðæmi:

Rvík 4, Siglufj. 1, alls 5 sæti.

Alþýðuflokkurinn fengi þessi kjörðæmi:

Rvík 2, Hafnarfj. 2, Ísafj. 1, alls 5 sæti.

Athyglisvert er, að Sjálfstæðisflokkurinn hefði enga fulltrúa í sveitum á Suður- og Austurlandi ^{nema V.} og enga í sveitum fyrir norðan Hvítá, nema A-Húnavatnssýslu. Gæti þetta ekki þýtt, að flokksáhrifin fjörðu út á þessum víðtæku slóðum?

Skal nú athuguð hlutfallskosning í 6 kjördæmum þannig:

- Nr. 1. Reykjavík með 16 þingsætum.
- Nr. 2. Hafnarfjörður, Gullbr.-Kjósars., Borgarfj. með 6 þingsætum (3 fleiri en kaupst. og sýslur).
- Nr. 3. Mýras., Snæfellsn., Dalas., Barðastr., V-Ísafj., Ísafj., N-Ísafj., Strandas. með 10 þingsætum. (2 fleiri en sýslur og kaupst.).
- Nr. 4. V-Hún., A-Hún., Skagafj., Siglufj., Eyjafj., Akureyri með 8 þingsætum (2 fleiri en sýslur og kaupst.).
- Nr. 5. S-Þing., N-Þing., N-Múlas., Seyðisfj., S-Múlas., með 6 þingsætum (1 fleiri en sýslur og kaupst.).
- Nr. 6. A-Skaft., V-Skaft., Vestm., Rangárv., Árness., með 6 þingsætum (1 fleiri en sýslur og kaupst.).

Samkvæmt atkvæðum flokkanna 1949 hefði útkoman orðið þessi:

	Sjálfst.fl.	Frams.fl.	Sósíal.fl.	Alþýðufl.
Kjördæmi nr. 1	8	1	5	2
" " 2	3	0	1	2
" " 3	3	3	1	3
" " 4	3	3	1	1
" " 5	1	4	1	0
" " 6	3	2	1	0
Alls	21	13	10	8 (9)

Ef jafnað væri út frá þeirri reglu, að ekki megi vera meira frávik í þingsætafjölda en 5% frá réttu atkvæðahlutfalli hvers flokks, yrði að bæta við 1 sæti fyrir Alþýðuflokkinn, og fengist þá alls 53 þingsæti, sbr. skýrsluna hér að framan, sem sýnir rétt hlutfall milli þingsæta og atkvæðamagns flokkanna.

Athyglisvert er, að Sjálfstæðisflokkurinn fær nú fulltrúa í sveitarkjördæmum, sem næst eins og hann hefur í dag, svo að áhrif hans á málefni sveitanna geta orðið sem fyrr, fyrir tilstilli sveitafulltrúanna.

Flokkur, sem hefur að kjörorði "Stétt með stétt" eða jafnrétti stéttanna um land allt, getur ekki flúið frá kjörorðinu jafnrétti kjósendanna um land allt.

Með tilliti til hættunnar á ofurvaldi þéttbýlisins má benda á eftirfarandi (gild atkv.):

						Dreifbýli
Í Reykjavík (nr.1)	1790	kjósendur	um	hvern	þingmann.	Nr 6
" Hafnarf. og 2 sýslum (nr.2)	1410	"	"	"	"	5
" Ísaf. & 7 sýslum (nr.3)	897	"	"	"	"	1
" Akureyri, Sigluf. og 2 sýslum (nr.4)	1435	"	"	"	"	4
" Seyðisf. & 2 sýsl. (nr.5)	1200	"	"	"	"	2
" Vestm. & 3 sýslum (nr.6)	1370	"	"	"	"	3

Á öllu landinu (1-6) 1395 kjósendur um hvern þingmann.

(Reiknað með 52 þingmönnum alls)

Dreifbýlið fær tiltölulega langflesta fulltrúa. (sjá nr)

Þá má athuga þessi atriði, er varða Sjálfstæðisflokkinn sérstaklega.

Hlutur Sjálfstæðisflokksins (gild atkv.)

	1934	1937	1942	1946	1949
Reykjavík	51 %	56 %	46,3%	47,1%	45,5%

Síðan 1937 hefur atkvæðahlutfall gildra atkvæða Sjálfstæðismanna í Reykjavík fallið úr 56 í 45,5%. Þessi stefna bendir ekki til þess að treysta megji sigri í einmenniskjörðænum í Reykjavík, þegar fram líða stundir, og sérstaklega er aðstæðan hættuleg, ef aðrir flokkar (t.d. Sós. og Alp.fl.) sameinast gegn Sjálfstæðisflokknum.

Í sveitakjörðæmunum hefur árangur orðið þessi, fyrir og eftir hlutfallskosningar, og eru þá aðeins tekin saman gild atkvæði Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins.

Meirihluta

Hlutur Sjálfst.fl.	Meðaltal þingm.		Hlutfallskosn.		
	1934	1937	1942	1946	1949
Skagafjarðarsýsla	50,4%	46,8%	39,0%	42,8%	43,6%
Eyjafjarðarsýsla	40,5	44,0	40,5	38,8	35,0
Rangárvallasýsla	51,0	48,7	46,2	49,7	49,9
Árnessýsla	46,6	44,6	37,5	49,7	43,3

Mestar líkur eru til þess að vinna megi upp aftur meirihluta í Rangárvallasýslu. Í Skagafj. og Árness. er að vísu batnandi ástand síðan 1942, en þó ekki miklar líkur til að fá nokkurn tíma meirihluta aðstöðu.

Athyglisvert er, að áður en hlutfallskosningar eru teknar upp, fer fylgi Sjálfstæðisflokksins alls staðar hrakandi (fram til 1942), nema í Eyjafjarðarsýslu er það upp og ofan ^{litlir} (en/möguleikar þar yfirleitt fyrir meirihluta Sjálfstæðisflokksins).

Í kosningunum 1949 voru aðeins 45% gildra atkvæða greidd í einmenniskjördæmum, en 55% greidd í hlutfallskosningum.

Í Reykjavík á Sjálfstæðisflokkurinn 45,5% atkvæða (1949), en í öðrum landshlutum samantekið aðeins 35,4%. Þess vegna er nauðsynlegt, að flokkurinn komist ekki út úr fulltrúasambandi við sveitir landsins, en sæki þar sem mest á.

Ef sveitakjösendur fá að halda fulltrúaáhrifum sínum, eins og vel er hægt með 6-7 kjördæmum, eru minni líkur til þess að missa tengsl við Sjálfstæðismenn í sveitunum með hlutfallskosningum en einmenniskjördæmum.

Asg. Benediktsson